

Nd.

842. Frumvarp til laga

[383. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

230. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skal skipa sérstaka fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn. Nefndin skal kanna orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast. Nefndin rannsakar einnig öll slys þar sem manntjón verða, svo og önnur þau sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka.

Nefndin skal starfa sjálfstætt og óháð.

Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, starfsmann með sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um.

Nefndin skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf eftir því sem við verður komið. Um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar eru opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar eru veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins við rannsókn máls eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknarstofnana í þágu rannsóknar máls, svo og allra þeirra aðila sem að öryggis- og björgunarmálum vinna. Er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsókn í heild eða einstaka þætti hennar.

Nú óskar einhver framangreindra aðila eftir að koma á framfæri upplýsingum í þágu rannsóknar máls og er nefndinni þá skylt að taka slíkar upplýsingar til athugunar.

Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Þar skal m.a. getið um vinnuskyldu starfsmanns og önnur störf, svo sem fræðslustörf í skólum og á námskeiðum.

Kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar og rannsóknar máls skv. þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.